

Morgunblaðið, 04.04.2024, síðu 68.
grein stærð: 592.72 sm2
grein hæð: 22.89 sm

Leitað að sátt við umhverfi og sögu

MYNDLIST
HLYNUR HELGASON



Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum

Aðgát ★★★½☆

Borghildur Óskarsdóttir sýnir. Sýningarstjórn: Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir. Sýningin stendur til 3. sept. 2023. Opið alla daga kl. 10-17.

Í vesturhluta Kjarvalsstaða stendur nú yfir yfirlitssýning á verkum Borghildar Óskarsdóttur. Sýningin er afrakstur rannsóknarverkefnis Aðalheiðar Lilju Guðmundsdóttir á ferli Borghildar, hluti af verkefni sem hefur það markmið að rannsaka hlut kvenna í íslenskri listasögu. Á sýningunni má sjá fjölbreytt yfirlit yfir verk Borghildar. Þar ber fyrst að nefna umfangsmikið safn leirverka hennar frá upphafi ferils hennar. Síðan koma verk unnin í leir og gler þar sem táknmyndir þjóðmenningar og listheims eru teknar fyrir í föstu efni. Að síðustu eru nýlegri verk þar sem unnið er út frá sögu eða rótum Borghildar sjálfrar, ættarsögu og tengingum við landshætti á Suðurlandi og við Heklurætur.

Ferill Borghildar hófst snemma á sjöunda áratugnum, en hún lauk námi í leirlist í Edinborg eftir grunnnám hér heima. Ferillinn var brotakenndur framan af, eins og títt var um konur af hennar kynslóð. Það er fyrst upp úr 1980 sem hún fer að láta verulega að sér kveða í myndlistinni og þróa persónulegan stíl sinn. Síðan þá hefur listferill hennar verið órofinn og sýningar reglulegar. Á sama tíma hefur tjáningarmátinn þróast í átt frá verkum sem byggjast á leir- og glervinnu yfir í fjölbreyttari miðla sem henta betur rannsóknum hennar og áhuga.

Þegar inn í salinn er komið blasir fyrst við gnótt leirmuna í nokkuð þröngu rými. Hér má sjá þróun verka Borghildar á níunda áratugnum. Flest verkin eru skúlptúrar sem eru formrænir í uppbyggingu en bera jafnframt með sér að vera að umbreytast í einhvers konar furðuverur – nokkuð algengt þema í leirlist á þessum tíma – vandlega unnin verk en án persónulegrar sérstöðu. Athyglisverðari eru minni leirverk Borghildar frá þessum tíma sem byggjast á persónulegri nálgun. Þar má nefna fínlegar sjálfsmyndir unnar í leir og brætt gler þar sem leirmótið og glerafurðin spila saman – nokkuð sem átti eftir að vera einkennandi fyrir verk Borghildar á níunda áratugnum.

Þessi einkennisverk Borghildar taka yfir næsta rými. Hér er í grunninn unnið með heildarferli verkanna; steypumótið úr leir og steypu, mótaðan glerhlutinn og að lokum kassana sem eru gerðir til að geyma og flytja verkið. Myndefni þessara verka er fjölbreytt. Í einu verkanna er tilvísun í listaverkið innan listheimsins. Í öðrum verkum vinnur Borghildur með táknmyndir fortíðar, einkenni Íslendinga og tákn, fornsögulegar og bókmenntalegar vísanir. Allt er þetta fært í form, steypt og unnið til geymslu, verkin sýna efnislegt heildarferli listsköpunarinnar. Það er eins og verkin séu strax við tilurð sína orðin að arfleifð, ummerkjum.

Í þriðja rýminu er greinilegt að upp úr aldamótum gjörbreyttist list Borghildar. Í stað verka sem byggðust á táknrænni vísun og efniskennd komu verk sem byggðust á persónulegum rannsóknum í ætt við þjóðfræði. Í þessum rannsóknum skoðaði Borghildur uppruna sinn, hún rakti ættir sínar aftur til forfeðra sinna á nítjándu öld, kannaði sögu þeirra og ævi. Fyrsta verkið í þessum dúr er myndræn framsetning í einskonar stjörnuþoku formæðra hennar. Hér birtir hún á áhrifaríkan hátt þróun kynslóðanna sem á undan henni gengu. Í kjölfarið komu verk þar sem sagan og staðirnir sem fólkið bjó á undir Heklurótum var skoðuð nánar. Eitt verk á grunni þessara rannsókna er þrívítt bókverk fyllt texta og myndum sem tekur yfir salinn að hluta. Þetta er persónulegt verk og að sumu leyti óaðgengilegt því formræn framsetningin gerir lestur og skoðun texta og mynda erfiða. Óneitanlega eru þau verk sem staðsett eru á vettvangi áhrifameiri, en þau er að finna víða um Suðurland þar sem Borghildur hefur komið fyrir steinhellum með textum sem rekja söguna á hverjum bæ.

Lokakaflinn í rannsóknum Borghildar, sem sver sig í ætt við „sjálfs-þjóðfræði“ (e. auto-ethnology), er frekari rannsókn á söguslóðum forfeðranna, nú í nafni náttúruverndar. Nýjustu verkin eru viðbrögð við þeirri ógn sem felst í fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum á vatnasviði Þjórsár. Hér tengir Borghildur leirlistarþekkingu sína við gjörningaformið. Í einu verkanna rannsakar hún nýuppgrafna tóft eins þeirra bæja sem forfeður hennar bjuggu á og skrýðir hana fínlegum handmótuðum postulínsskeljum. Hún fleytir einnig skeljum á ánni sem rennur hjá tóftunum, áminning um að tóftirnar verði bráðlega kaffærðar. Ljósmyndir frá atburðinum í tóftinni skapa tilfinningu fyrir viðburðinum og ásýnd landsins. Annað verk í þessum anda er samsett loftmynd af farvegi Þjórsár frá upptökum til ósa, staðsett í gólfi innsta rýmisins, auk vídeóverks sem fylgir ánni frá hafi upp á hálendi. Í þessum verkum felst þögult ákall um verndun árinnar og vatnasviðs hennar.

Að baki sýningarinnar er greinilega mikill metnaður og vilji til að gera listferli Borghildar sem best skil. Sýningunni er ætlað, í samspili við veglega sýningarskrá, að ná utan um langan feril. Því hlutverki sinnir sýningarskráin vel en sýningin sjálf geldur að nokkru fyrir þennan metnað; það er einfaldlega reynt að sýna of margt og þess vegna njóta mörg bestu verkanna sín ekki sem skyldi. Það hefði mátt leggja meiri áherslu á bestu verkin og sýna meiri útsjónarsemi við skipulagningu sýningarinnar í heild.



Ljósmyndir/Hlynur Helgason

Myndir Til vinstri sést verkið „Mynstur í móðurætt“ (2002), MDF-plötur, ljósmyndir. Til hægri er verkið „Nafli“, ljósmynd, teikning.



Innsetning Hluti verksins „Umhverfismat vegna Skarðsels við Þjórsá“ frá árinu 2016, sem er ljósmyndainnsetning.



Leirverk Eitt af leirverkunum frá níunda áratugnum, „Tveir heimar“ (1983), unnið í steinleir og gler.



Risi „Landvættir“ (1996) gert úr steypu, steinleir, gleri, krossviði og bleki.